


Vöttur: Sker í Skeiðarárjökli

Magnús Tumi Guðmundsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík; mtg@hi.is

Eins og aðrir jöklar hefur Skeiðarárjökull hropað og þynnst á síðustu árum. Sporðamælingar sem birtar eru árlega í Jökli sýna þetta hop glögglega. Framhlaup varð í Skeiðarárjökli 1991 og gekk vesturhlutinn þá fram um hálfan kílómetra (Oddur Sigurðsson, 1998). Verulegt hop hefur orðið á síðustu 15 árum jafnframt því sem ísinn hefur þynnst á leysingasvæðinu. Áhrif þynningarinnar koma m. a. fram í minnkun Grænalóns en meðalvatnsborð þess hefur lækkað um tugi metra frá 2001. Ekki er ætlunin að fjalla með skipulegum hætti um rýrnun Skeiðarárjökuls eða minnkun Grænalóns í þessum greinarstúf, heldur segja stuttlega frá jökulskeri sem komið hefur upp í miðjum Skeiðarárjökli á síðustu árum (1. og 2. mynd). Fjallað er ýtarlega um framhlaup jökla á Íslandi í grein eftir Helga Björnsson og fleiri (2003) og um breytingar á Grænalóni á 20. öld í grein eftir Matthew Roberts og fleiri (2005).

Skerið sem hér um ræðir var fyrst kannað í vorferð Jöklarannsóknafélagsins í júní 2006. Farið var á vél-sleðum frá skálunum á Eystri Svíahnjúk en þaðan er 18 km leið til suð-suðausturs að skerinu. Jökulskerið reyndist um 1,5 km á lengd frá austri til vesturs en ekki nema nokkur hundruð metrar á breidd (nordur-suður). Skerið liggur skammt neðan snælinu jökulsins eins og hún hefur verið undanfarin ár. Að norðan leggst jökullinn fram á skerið, sem skiptist í nokkra lága kletthöfða. Að sunnan enda þeir í 20–40 m háum klettum og undir þeim 50–100 m há jökulbrekka. Neðan hennar rís miðröndin og er hægt að fylgja henni langa leið niður eftir Skeiðarárjökli. Hæsti kollur í skerinu rís í um 1050 m yfir sjó. Jökullinn umhverfis skerið er nokkur hundruð metra þykkur svo þarna er kominn upp brúnnin á töluverðu fjalli.



1. mynd. Skeiðarárjökull og skerið sem komið hefur upp á undanförunum árum. – *Map of Skeiðarárjökull and the new nunatak.*



2. mynd. Skerið í Skeiðarárjökli (Vöttur) þann 7. nóvember 2004. Miðröndin liggur til suðurs frá skerinu. Í baksýn eru Skaftafellsfjöll. – *The new nunatak in Skeiðarárjökull on 7 November 2004. View towards south. The medial moraine extends down-glacier from the nunatak.*

Þegar við heimsóttum skerið í júní 2006 lá vetrarsnjór að því allstaðar og huldi allar dældir og gil milli klettaröðlanna. Þar sem til sást var skerið gert úr basísku móbergi og þursabergi en klettarnir syðst voru úr bólstrabergi. Fjallið virðist því myndað við gosvirkni undir jökli. Ekkert er vitað um aldur skersins en það stendur nokkru austan við og þar með utan við mörk virka gosbeltsins eins og það er dregið á jarðfræðikortum.

EKKI er með vissu vitað hvenær sker þetta stakkt upp úr jöklinum en ljóst er að sá hluti sem sýnilegur er hefur stækkað mjög á síðustu árum vegna þynningar Skeiðarárjökuls. Fátæklegur mosagróður er á steinum á sumum klettaröðlanna (3. mynd). Útbreiðsla hans

var ekki könnuð en ljóst er að þessi staður er forvitnilegur til að kanna landnám gróðurs á jökulskerjum.

Á loftmyndum frá 21. júní 1961 sést röndin neðan skersins vel. Hinsvegar er ekkert að sjá þar sem skerið er nú sem staðfestir að það hafi verið undir jökli á þessum tíma. Á loftmynd frá 27. júlí 1992 sjást þrjár ranar, 50–100 m langir og 20–30 m breiðir en tæplega 500 m eru milli þess austasta og þess vestasta. Skerið var því farið að láta á sér kræla um þetta leyti. Til eru góðar loftmyndir af vesturhluta Vatnajökuls frá 12. ágúst 1997. Þar sést að skerið hefur stækkað nokkuð frá 1992 og a. m. k. fjórir klettaröðlar standa upp úr jöklinum. Þann 7. nóvember 2004 var flogið lágflug niður Skeiðarárjökul í tengslum við rannsóknir á



3. mynd. Mosi á steinum á Vetti. Myndin er tekin 6. júní 2006. – *Moss at Vöttur, June 6th, 2006.*



4. mynd. GPS-mælipunkti komið fyrir á Vetti 6. júní 2006. Horft í vestur í átt að Þórðarhyrnu. – *On the nunatak, view towards west.*

Grímsvatnagosi og Skeiðarárhlaupi. Á mynd sem þá var tekin (2. mynd) sést að skerið hafði þá náð svipaðri stærð og þegar við sóttum það heim vorið 2006.

Í ferðinni í júní 2006 var komið fyrir fastmerki á steini og er það nú notað sem GPS landmælingapunktur (4. mynd). Tilkoma þessa mælipunkts mun auðvelda mjög rannsóknir á landrasi vegna þynningar jökulsins. Fram til þess að skerið var kannað var ekki öðrum GPS mælipunktum en Grímsfjalli til að dreifa um miðbik Vatnajökuls. Þótt Grímsvötn séu flestum stöðum forvitnilegri eru þau og næsta nágrenni þeirra ekki heppileg til að mæla áhrif ísfargsins á landið undir jöklinum. Stafar það af því að á Grímsfjalli er mjög erfitt að aðgreina landhæðarbreytingar vegna kviku-söfnunar og eldgosa frá breytingum vegna jökulrýrnunar.

Sú hugmynd hefur komið fram að nefna skerið eftir einum af könnuðum Vatnajökuls, William Lord Watts, en hálfþrítugur fór hann ásamt nokkrum Íslendingum fyrstu skráðu gönguna yfir jökulinn, sumarið 1875. Í Dyngju fjöllum sunnanverðum er dálítið fjall sem heitir Vatnsfell (eða Wattsfell) eftir þessum harðduglega ferðamanni en ekkert örnefni í Vatnajökli er honum tengt, nema ef hægt sé að taka svo til orða um Pálsfjall. Watts gaf því nafn eftir samferðamanni sínum Páli Pálssyni sem jafnan var nefndur Páll jökull eftir ferðir sínar með Watts. Íslendingar snéru nafni Watts og nefndu hann Vött. Um það ber m. a. vitni kvæði sem flutt var í brúðkaupi Páls jökuls og Önnu Sigurbjarnardóttur haustið 1876, en þar eru þessar línur:

Hann er víðförull nóg, því með Vetti hann fló,
yfir vindkaldar hrímþursa slóðir;
og um láðið gervallt, bæði lognheitt og svalt,
hefur leiðirnar kannað vor bróðir.

Hér er nú lagt til að skerið í miðjum Skeiðarárjökli fái nafnið Vöttur. Um Watts, Pál jökul og ferðir þeirra má fræðast í bók þess fyrrnefnda (Watts, 1962). Jón Eyþórsson þýddi bókina og skrifaði fróðlegan formála þar sem m. a. er að finna vísuna hér að ofan. Jón taldi reyndar að Watts hefði ekki lifað mörg ár eftir Vatnajökulsferðina þar sem heimildir um hann í Bretlandi voru engar eftir 1877. Nýlega kom í ljós að ástæðan fyrir því að Watts hvarf úr skrá og heimildum

á Englandi er sú að hann flutti vestur um haf. Þar átti hann merkilegan feril sem greint er frá í Lesbók Morgunblaðsins í júní 2009 (Gerður Steinþórsdóttir, 2009).

A new nunatak in Skeiðarárjökull

Due to the thinning of Vatnajökull, a nunatak has gradually emerged in the center of Skeiðarárjökull. On an aerial photo from 1961 it is fully covered by ice. In 1992, the very top is exposed and in 1997 the exposed part has increased considerably in area. By 2004 the exposed nunatak was 1.5 km long (east-west) and a few hundred meters wide (north-south). It rises to about 1050 m above sea level, and lies just below the equilibrium line of the glacier. It is the source of a large medial moraine. The nunatak is made of basaltic hyaloclastites, pillow lava and pillow breccia and most likely formed in subglacial volcanic activity. Moss has already formed on parts of the nunatak. It is suggested that the nunatak is given a name in memory of William Lord Watts, who led the first crossing of Vatnajökull in 1875. Traditions in Iceland do not favour placenames in foreign languages. However, Watts was nicknamed Vöttur by some of his Icelandic contemporaries and it is suggested here that this nickname is used for this gradually emerging nunatak.

REFERENCES

- Gerður Steinþórsdóttir 2009. Undir sigurboga. *Lesbók Morgunblaðsins* 13. júní.
- Helgi Björnsson, Finnur Pálsson, Oddur Sigurðsson og Gwenn Flowers 2003. Surges of glaciers in Iceland. *Annals of Glaciology* 36, 82–90.
- Matthew J. Roberts, Finnur Pálsson, Magnús T. Guðmundsson, Helgi Björnsson og Fiona Tweed 2005. Ice-water interactions during floods from Grænálón glacier-dammed lake, Iceland. *Annals of Glaciology* 40, 133–138.
- Oddur Sigurðsson 1998. Glacier variations in Iceland 1930–1995. *Jökull* 45, 3–25.
- Svanur Pálsson, Snorri Zóphóníasson, Oddur Sigurðsson, Hrefna Kristmannsdóttir og Hákon Aðalsteins-son 1992. Skeiðarárhlaup og framhlaup Skeiðarárjökuls 1991. *Orkustofnun, OS-92035/VOD-09B*, 41 bls.
- William L. Watts 1962. Norður yfir Vatnajökul 1875 (þýð. Jón Eyþórsson). *Bókfellsútgáfan*, Reykjavík, 208 bls.